

Minnisblað

ALÚTBOÐ:

Alútboð er útboð oftast að undangengnu forvali þar sem verkkaupi býður út hönnun mannvirkja og framkvæmd í einu útboði þ.e. verktaki sér um hönnun og byggingarframkvæmd.

Þarfagreining og kröfulýsingin er grundvöllur alls verkefnisins og því þarf að vanda mjög við gerð hennar. Kröfulýsingin þarf þó að vera þannig að hún bjóði uppá sveigjanleika sem eykur líkur á hagstæðu tilboði verktaka. Áhætta í alverkum er sú að verkkaupi tekur áhættu af nákvæmni kröfulýsingarinnar en verktaki af hönnun, magntölum og þeim verðum sem hann býður.

Breytingar sem kunna að verða vegna ónákvæmni í þarfagreiningu og kröfulýsingu verða erfiðari í samningum við verktaka en ef um hefðbundið útboð ræðir.

Framkvæmdartími alverka er yfirleitt styttri en í hefðbundnu útboðsverki og mögulega er hægt að hefja framkvæmdir áður en fullnaðarhönnun er lokið.

Helstu **kostir** við alútboð

- Kostnaður þekktur fyrirfram, minni líkur á aukaverkum ef rétt er staðið að kröfulýsingunni.
- Verktaki ber ábyrgð á allri framkvæmdinni, bæði tíma og fjárhagslega.
- Hönnuðir og verktakar vinna betur saman en í hefðbundnu útboði.
- Verktími getur verið styttri og áhætta liggur að mestu leyti hjá verktaka.

Helstu **ókostir** við alútboð

- Verkkaupi hefur minni áhrif á hönnunina, en í hefðbundnu útboði.
- Hætta á að gæði lausna verði minni en í hefðbundnu útboði.
- Hætta á að ónákvæm kröfulýsing geti valdið háum breytingakostnaði.

Samanburðartafla útboðsleiða. Neikvæðir þættir eru litaðir rauðir, jákvæðir þættir bláir og hlutlausir þættir eru ólitaðir.

Atriði	Hefðb. útboð	Alútboð	Einkaframkvæmd	Partnering
Áhrif á hönnun	Miklir möguleikar	Litlir möguleikar	Litlir möguleikar	Miklir möguleikar
Tími	Líkl. Lengstur verkt.	Stystur verktími	Stystur verktími	Stystur verktími
Kostnaður			Þekktur til langs tíma	
Áhættudreifing	Mest áhætta verkkaupa	Minni áhætta verkkaupa	Minnst áhætta verkkaupa	Dreifð áhætta
Gæði	Líkur á mestum gæðum	Líkur á minni gæðum	Rekstrarsjónarmið geta ráðið gæðum	Gæðastig ákveðið sameiginlega
Markaður	Mikil samkeppni	Minni samkeppni	Minnst samkeppni	
Stjórn verkkaupa	Umfangsmikil	Minni	Minnst	Virk þátttaka
Eignarhald	Verkkaupi	Verkkaupi	Verktaki	Breytilegt
Samningstími	Stuttur	Stuttur	Langur	Breytilegt

Ítarlegri tafla.

Atriði	Hefðbundin leið	Alútboð
Áhrif á hönnun	Möguleikar til að hafa áhrif á hönnun eru miklir Breytingar auðveldar í framkvæmd	Möguleikar til að hafa áhrif á hönnun eru litlir. Forteikningar með útboðsgögnum draga úr áhrifum þessa Allar breytingar á hönnun erfiðar
Tími	Hönnun lokið áður en framkvæmdir hefjast. Hönnun og framkvæmd falla ekki saman og verktími því langur. Líkur á síðbúnum verklokum Möguleiki á að stytta verktíma með verkhautaútboðum.	Verktími líklega styttri. Hönnun og framkvæmdir á vegum verktaka falla saman. Litla líkur á seinkun verkloka.
Kostnaður	Kostnaðarauki vegna breytinga verður minni. Líkur á auknum kostnaði talsverðar.	Kostnaðarauki vegna breytinga verður hár. Litlar líkur á auknum kostnaði.
Áhætta	Verkkaupi ber áhættu af hönnun, fjármögnun og rekstri. Verktaki ber áhættu af framkvæmd	Verkkaupi ber áhættu af fjármögnun og rekstri. Verktaki ber áhættu af hönnun og framkvæmd
Gæði	Verkkaupi stýrir gæðastigi á hönnun og með skilgreiningum í verklýsingu	Verkkaupi stýrir gæðastigi með skilgreiningu í alútboðsgögnum
Markaður	Samkeppni mikil og verktakar margir við heildarútboð og enn fleiri við verkhautaútboð	Samkeppni minni og verktakar færri
Stjórn verkkaupa	Verkkaupi hefur á hendi verkefnisstjórn og hönnunarstjórn. Eftirlit umfangsmikið og á hendi verkkaupa	Verkkaupi hefur á hendi verkefnisstjórn. Hönnunarstjórn er á hendi verktaka
Eignarhald	Verkkaupi á og rekur mannvirkið	Verkkaupi á og rekur mannvirkið
Samningstími	Stuttur	Stuttur